

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins

í málinu nr. 5/2021;

Fjalllendi við Glámu auk almenninga við Hestfjörð, Skötufjörð og Ísafjörð

I. Inngangur

Fyrirsvar málsaðila

Undirritaður, Ívar Pálsson hrl., Landslögum, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins.

Framlögð skjöl

Af hálfu íslenska ríkisins er lögð fram greinargerð þessi og skjáskot af íslenskirjoklar.is.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn, þ.m.t. vegna gróðurfars.

II. Kröfugerð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Fjalllendi vestan Glámu

Upphafspunktur er á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m hæð sunnan við Glámu (1). Þaðan bein sjónhending í upptök Hófsár í Rauðstaðafirði sem skilur á milli Rauðstaða og Borgar (2). Þaðan bein sjónhending í norður til fjalls og þaðan eftir fjallsbrúnunum út með Arnarfirði að efribrún Grjóteyrargils sem skilur á milli Rauðstaða og Hjallkárseyrar (3). Þaðan eftir fjallsbrún í strandberg utan til í Hlaðshrygg-gjótu í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Stórahjalla til

Snjóaldsgljúfra sem ræður merkjum milli Hjallkárseyrar og Gljúfurár (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Gljúfurárdals og að upptökum Þorbjarnarár sem ræður merkjum Gljúfurár og Karlsstaða (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum að upptökum Sandeyrargils á Breiðhillu sem ræður landamerkjum milli Karlsstaða og Hrafnseyrar (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum sem leið liggur að Breiðhyllu, fyrir Ánarmúla og svo sem leið liggur um Djúpadal, eftir brúnum Selmýrarfjalls, inn með Haugsdal ofan við Fossabrekku, eftir brúnum Grænuhlíðar að Grjótskálar og loks eftir klettabrúnum um Heiðarenni og að þjóðveginum yfir Hrafnseyrarheiði ofan Geldingsár sem ræður landamerkjum Hrafnseyrar og Auðkúlu (7). Þaðan í beinni línu í Þórðarhorn og eftir fjallsbrúnum Skipadals og Geldingsdals að vestanverðu Hvammsfjalli og eftir klettabrúnunum að Brekkuhvilft og loks Brekkuhorns til norðurs og svo til suðurs með austur hlíð Hvammsfjalls og að botni Hvammsdals og eftir því sem fjallsbrúnir ráða að Þríhnúkafjalli og svo eftir fjallsbrúnum Ausudals sem leið liggur í innra Ausuhorn sem ræður landamerkjum Hvamms og Ketileyrar (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Ketilseyrardals að hæstu fjallsbrún Töflu sem ræður merkjum milli Ketilseyrar og Kjaransstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Kjaransstaðadals í innri gjánna á Kjaransstaðahorninu, sem ræður merkjum Kjaransstaða og Dranga (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Botnsár sem ræður landamerkjum Dranga og Botns (11). Þaðan í beint í sveitarfélagamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps og eftir þeim í upphafspunkt.

Gerð er eftirfarandi breyting á kröfugerð íslenska ríkisins og er þess nú krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðisins, sbr. eftirfarandi breytta kröfulínu:

Upphafspunktur er á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m hæð sunnan við Glámu (1). Þaðan bein sjónhending í upptök Hófsár í Rauðstaðafirði sem skilur á milli Rauðstaða og Borgar (2). Þaðan bein sjónhending í norður til fjalls og þaðan eftir fjallsbrúnum út með Arnarfirði að efribrún Grjóteyrargils sem skilur á milli Rauðstaða og Hjallkárseyrar (3). Þaðan eftir fjallsbrún í strandberg utan til í Hlaðshrygg-gjótu í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Stórahjalla til Snjóaldsgljúfra sem ræður merkjum milli Hjallkárseyrar og Gljúfurár (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Gljúfurárdals og að upptökum Þorbjarnarár sem ræður merkjum Gljúfurár og Karlsstaða (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum að upptökum Sandeyrargils á Breiðhillu sem ræður landamerkjum milli Karlsstaða og Hrafnseyrar (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum sem leið liggur að Breiðhyllu, fyrir Ánarmúla og svo sem leið liggur um Djúpadal, eftir brúnum Selmýrarfjalls, inn

með Haugsdal ofan við Fossabrekku, eftir brúnum Grænuhlíðar að Grjótskálar og loks eftir klettabrúnum um Heiðarenni og þaðan eftir fjallsbrúnum í punkt nr. 4 samkvæmt kröfulýsingu landeiganda Auðkúlu sem ræður merkjum Auðkúlu og Hrafseyrar skv. landamerkjadómi frá 13. júlí 1924. (7). Þaðan í beinni línu í fjallsbrún við Prestagil og áfram eftir fjallsbrúnum að vestanverðu Hvammsfjalli og eftir klettabrúnunum að Brekkuhvilft og loks Brekkuhorns til norðurs og svo til suðurs með austur hlíð Hvammsfjalls og að botni Hvammsdals og eftir því sem fjallsbrúnir ráða að Þríhnúkafjalli og svo eftir fjallsbrúnum Ausudals sem leið liggur í innra Ausuhorn sem ræður landamerkjum Hvamms og Ketileyrar (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Ketilseyrardals að hæstu fjallsbrún Töflu sem ræður merkjum milli Ketilseyrar og Kjaransstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Kjaransstaðadals í innri gjánna á Kjaransstaðahorninu, sem ræður merkjum Kjaransstaða og Dranga (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Botnsár sem ræður landamerkjum Dranga og Botns (11). Þaðan í beint í sveitarfélagamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps og eftir þeim í upphafspunkt.

Með framangreindri breytingu hefur verið brugðist við athugasemdum landeiganda Auðkúlu vegna landamerkjadóms frá 13. júlí 1924 er varðar landamerki Auðkúlu og Hrafseyrar. Með breytingunni fellur Auðkúla utan kröfusvæðis. Jafnframt verður brugðist við ábendingum landeigenda Botns og Dranga um að kröfupunktur íslenska ríkisins nr. 11 sé rangt staðsettur. Verður kröfupunktur nr. 11 á kröfukorti færður til norðurs að kröfupunkti nr. 13 samkvæmt kröfu landeigenda Botns og Dranga. Við breytinguna stækkar kröfusvæðið *Fjalllendi vestan Glámu* á móti því sem kröfusvæðið *Lambadalsfjall Ísafjarðarbæ* minnkar, enda svæðið aðliggjandi.

Hjarðardalur

Upphafspunktur er í Skolladalsá sem ræður merkjum Fremri Hjarðardals (1). Þaðan eftir miðlínu Skolladalsár í Hjarðardalsá (2). Þaðan eftir miðlínu Hjarðardalsár til móts við Fremra Fannargil (3). Þaðan sjónhending í fremstu fjallsbrún ofan við Fremra Fannargil, þaðan eftir fjallsbrún Hjarðardals í hæsta tind Vatna í u.þ.b. 808m hæð, sbr. kröfulínu Lambadalsfjalls í Ísafirði (4). Þaðan eftir hæstu brúnum, eftir því sem vötnum hallar að Hjarðardal í hæstu fjallsbrún Gemlu og þaðan í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Hjarðardals* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Gemla

Upphafspunktur er í upptökum Skolladalsár sem ræður merkjum Fremri Hjarðardals (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Hjarðardalsgil sem ræður merkjum

Fremri og Neðri Hjarðardals (2). Þaðan eftir fjallsbrún í Grafaldarlæk sem ræður merkjum Neðri Hjarðardals og Gemlufalls (3). Þaðan eftir fjallsbrún í upptök Litludalsár sem ræður merkjum Gemlufalls og Mýrar og Lækjaróss (4). Þaðan í og eftir fjallsbrún í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Gemlu* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Lambadalsfjall Ísafjarðarbæ

Upphafspunktur er við upptök Botnsár sem ræður landamerkjum Dranga og Botns (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í klettinn Strendberg sem ræður landamerkjum Botns og Lambadals innri. Þaðan ráða fjallsbrúnir Lambadalshlíðar og fram Lambadal í Tyrfingsskál þar sem Selá á upptök sín, sem ræður merkjum Innri- og Ytri Lambadals (2). Þaðan sem leið liggur fram og út dalinn eftir fjallsbrúnum Tindafjalls í Grafarlæk sem ræður merkjum Ytri Lambadals og Næfraness (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir Hjarðardals í hæsta tind Vatna í u.þ.b. 808m hæð (4). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir þar sem vötnum hallar að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps í Þverfelli við Hestskarð (5). Þaðan eftir sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps og þaðan sjónhending í upphafspunkt eftir sömu línu og lýst er í kröfusvæðinu „Fjalllendi vestan Glámu“.

Kröfur samkvæmt upphaflegri kröfugerð eru óbreyttar. Í kjölfar ábendinga frá landeigendum hefur komið í ljós að kröfupunktur íslenska ríkisins nr. 1 er rangt staðsettur á kröfukorti. Kröfupunktur íslenska ríkisins nr. 1 verður færður til norðurs að kröfupunkti nr. 13 samkvæmt kröfu landeigenda Bonts og Dranga. Við breytinguna minnkar kröfusvæðið *Lambadalsfjall Ísafjarðarbæ* á mótí því sem kröfusvæðið *Fjalllendi vestan Glámu* stækkar, enda svæðin samliggjandi.

Lambadalsfjall Súðavík

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps í Þverfelli við Hestskarð sem liggja að landamerkjum Svarfhóls í Álftafirði (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum eins og vötnum hallar að Svarfhóli að upptökum Fjarðarár í Álftafirði, sem ræður merkjum Svarfhóls og Minni Hattardals (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upptök Langár, sem ræður merkjum Minni og Meiri Hattardals (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Hestfjarðarár sem ræður merkjum Hestfjarðarkots og kröfusvæðis sem kallað er almenningar Ögurhrepps (4). Þaðan sjónhending til austurs í fjallgarð sem skilur að Hestfjörð og Skötufjörð (5). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir eins og vötnum hallar að sveitarfélagamörkum Súðavíkurrepps og Ísafjarðarbæjar (6). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Kröfur samkvæmt upphaflegri kröfugerð eru óbreyttar.

Hestfjarðarkot

Upphafspunktur er í Kofunefi sem ræður merkjum við jörðina Eyði (1). Þaðan sjónhending í Brosmusteini sem ræður merkjum Eyðis og Kleifa (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir eins og vötnum hallar að upptökum Hestfjarðarár, sbr. kröfulínur Lambastaðafjalls og almenninga Ögurhrepps (3). Þaðan ræður miðlína Hestfjarðará til sjávar (4). Þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum vegna *Hestfjarðarkots* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Almenningur Ögurhrepps

Upphafspunktur er þar sem Geitahvammsá í Hestfirði rennur til sjávar sem ræður merkjum við Hvítanes (1). Þaðan eftir miðlínu Geitahvammsár og á hæstu fjallsbrún þar sem vötnum hallar (2). Þaðan eftir hæstu brún fjalla, þar sem vötnum hallar í upptök Hestfjarðarár, sbr. kröfulínur Lambastaðafjalls í Súðavíkurreppi og Hestfjarðarkots (3). Þaðan eftir miðlínu Hestfjarðarár til sjávar og þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum vegna *Almennings Ögurhrepps* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Stóri Kambur

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (1). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðar og Súðavíkurrepps í punkt í 918m hæð við Sjónfrið (2). Þaðan eftir línu eftir því sem vötnum hallar í Valahnjúk (3). Þaðan í beinni línu í Ytri-Krosshrygg, sem ræður merkjum Eyrar og Kleifar (4). Þaðan sjónhending í ármót Hundsár og Rjúkanda (5). Þaðan eftir miðlínu Rjúkanda til fjalls sem ræður mörkum Borgar (6). Þaðan eftir línu þar sem Þverá vísar til fjalls og ræður merkjum við Heydal (7). Þaðan eftir línu því sem vötnum hallar að Botni í Mjóafirði og í upphafspunkt.

Gerð er eftirfarandi breyting á kröfugerð íslenska ríkisins og er þess nú krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðisins, sbr. eftirfarandi breytta kröfulínu:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (1). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðar og Súðavíkurrepps í punkt í 918m hæð við

Sjónfríð (2). Þaðan eftir línu eftir því sem vötnum hallar í Valahnjúk (3). Þaðan í beinni línu landamerkjavörðu á fjallsbrún, sem ræður merkjum Eyrar og Kleifar (4). Þaðan sjónhending í ármót Hundsár og Rjúkanda (5). Þaðan eftir miðlínu Rjúkanda til fjalls sem ræður mörkum Borgar (6). Þaðan eftir línu þar sem Þverá vísar til fjalls og ræður merkjum við Heydal (7). Þaðan eftir línu því sem vötnum hallar að Botni í Mjóafirði og í upphafspunkt.

Kröfupunktur íslenska ríkisins nr. 4 er rangt staðsettur á kröfukorti. Samkvæmt kröfugerð tók punktur nr. 4 mið af örnefningu „Ytri-Krosshrygg“. Við vettvangsskoðun þann 21. ágúst 2021 gerði landeigandi grein fyrir landamerkjasteini sjávarmegin við Djúpveg við Ytri-Krosshrygg og landamerkjavörðu á fjallsbrún sem skilur að merki Eyrar og Kleifa. Komið hefur í ljós að landamerkin eru norðar en sýnt var á kröfukorti. Þá var líklega ranglega vísað í örnefnið „Ytri-Krosshryggur“ þegar réttara hefði verið að vísa til greindrar landamerkjavörðu. Hefur orðalag kröfugerðar verið lagfært með tilliti til þessa. Verður kröfukort lagfært með hliðsjón af framangreindu.

Kleifarkot og almenningar í Ísafirði

Upphafspunktur er í ós Gervidalsár sem ræður merkjum Gervidals (1). Þaðan eftir miðlínu Gervidalsár fram á Burstaldabrekkur og þaðan í beinni línu eins og vötnum hallar að Gervidal að sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Reykhólahrepps (2). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Reykhólahrepps í punkt á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (3). Þaðan í línu eftir hæstu brúnum eftir því sem vötnum hallar að Bessárdal og að Hvannagljúfragili (4). Þaðan í beinni línu Hesteyrarkleif í Ísafjarðará sem ræður landamerkjum Eyrar (5). Þaðan þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Kröfur samkvæmt upphaflegri kröfugerð eru óbreyttar. Framsetning á kröfulínu frá punkti íslenska ríkisins nr. 3 að Hvannagljúfragili á kröfukorti er röng. Í samráði við landeigendur verður kröfulínunni breytt á þann veg að hún fylgi vatnaskilum, samkvæmt minnisblaði og korti frá Veðurstofu Íslands, frá punkti 3 og í punkt nr. 4 fremst í Hvannagljúfragili og beinni línu Hesteyrarkleif í Ísafjarðará.

Íslenska ríkið hafnar öllum kröfum, hvort sem það er um bein eða óbein eignarréttindi, nema annað hafi verið tekið fram hér að framan.

III. Málavextir

Um málavexti vísar íslenska ríkið til framlagðar kröfulýsingar, dags. 15. september 2020. Í kjölfarið voru kröfur íslenska ríkisins kynntar af hálfu óbyggðanefndar með tilskyldum hætti. Var þeim sem töldu sig eiga kröfu á kröfusvæðinu veittur frestur til 1. febrúar 2021 til að leggja fram kröfur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Fjalllendis vestan við Glámu

Orkubú Vestfjarða vegna Hjallkárseyrar og Borgar, auk kröfu vegna vatnsréttinda og línuleiðar.

Hreinn Þórðarson vegna Auðkúlu.

Guðrún Steinþórsdóttir vegna Brekku í Dýrafirði.

Vantar kröfulýsingu vegna Hvamms í Dýrafirði.

Ómar Dýri Sigurðsson vegna Ketilseyrar í Dýrafirði.

Ómar Dýri Sigurðsson og Þórir Örn Guðmundsson vegna Dranga í Dýrafirði.

Ekki var lýst kröfum vegna Gljúfurár, Karlsstaða, Hrafnseyrar og Kjaransstaða.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Hjarðardals

Hermann Drengsson og Steinþór Auðunn Ólafsson vegna Hjarðardalstorfu í Dýrafirði.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Lambadalsfjalls í Ísafjarðarbæ

Þórir Örn Guðmundsson vegna Botns í Dýrafirði.

Guðmundur Steinþórsson vegna Lambadals Innri í Dýrafirði.

Guðmundur Steinþórsson vegna Lambadals Ytri í Dýrafirði.

Ómar Dýri Sigurðsson vegna Grænness í Dýrafirði.

Sighvatur Jón Þórarinsson vegna Höfða og Næfraness í Dýrafirði.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Gemlu

Jón Skúlason vegna Gemlufalls í Dýrafirði.

Hermann Drengsson og Steinþór Auðunn Ólafsson vegna Hjarðardalstorfu í Dýrafirði.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Lambadalsfjalls í Súðavík

Bragi Líndal Ólafsson vegna Svarfhóls.

Ekki var lýst kröfu vegna Minni og Meiri Hattardals.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Hestfjarðarkot

Súðavíkurhreppur vegna Hestfjarðarkots.

Alda Gunnarsdóttir, Sigurborg Ágústsdóttir, Jónas Friðgeirsson, Iðunn Gunnarsdóttir, Rannveig Einarsdóttir, Ragnar Einarsson, Hrefna Gunnarsdóttir, Sigurveig Friðgeirsdóttir, Ágúst Friðgeirsson, Ásgeir Friðgeirsson, Jenný Einarsdóttir og Ágúst Vernharður Einarsson vegna Eyrar og Traðar í Súðavíkurhreppi.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Almennigur Ögurhrepps

Súðavíkurhreppur vegna Almenninga Ögurhrepps.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Stóri Kambur

Helgi Bjarnason vegna Kleifa í Skötufirði.

Súðavíkurhreppur vegna Almenninga í Skötufirði sem liggja við Stóra Kamb.

Gunnar Örn Hauksson, Matthildur Ásta Hauksdóttir og Ægir Valur Hauksson vegna Borgar í Skötufirði.

Guðmundur Atli Pálmason, Heydalur ehf., Stella Guðmundsdóttir og Þórveig Benediktsdóttir vegna Galtarhryggs og Heydals í Mjóafirði.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Kleifarkot og almenningar í Ísafirði

Arndís Fannberg, Gísli Fannberg, Gunnhildur Fannberg, Jóhann Fannberg, Jón Á. Fannberg, Kjartan Fannberg, Ólafur Fannberg, Rannveig Fannberg og Puríður Rúri Fannberg vegna Botns og Kleifarkots í Mjóafirði.

Sigurgísli Ingimarsson og Kristín Guðjónsdóttir vegna Eyrar við Ísafjörð.

Súðavíkurhreppur vegna Kleifarkots og Almenninga Súðavíkurhrepps.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

IV. Málsástæður

Um málsástæður og heimildir er vísað til kröfulýsingar, dags. 15. september 2020 og sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands. Íslenska ríkið byggir á að framangreind landssvæði sem kröfur ríkisins ná til séu svæði utan eignarlanda því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Fjalllendis vestan við Glámu* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, en um er að ræða jarðirnar Rauðstaði, Hjallkárseyri, Gljúfurá, Karlastaði, Hrafnseyri, Auðkúlu, Granda, Brekku, Hvamm, Ketilseyri, Kjaransstaði, Dranga og Botn. Einnig er byggt á landamerkjadómi frá 13. júlí 1924 er varðar landamerki Auðkúlu og Hrafnseyrar. Í þeim tilvikum sem landamerkjabréf eru óskýr eða greina ekki frá landamerkjum með skýrum hætti eru landamerki miðuð við fjallsbrúnir. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 500-800m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Hjarðardals* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Fremri- og Innri Hjarðardals. Þá er einnig stuðst við landamerkjabréf dags. 24. janúar 1558 þar sem gerð er grein fyrir landamerkjum Neðri Hjarðardals. Ber landamerkjabréfið að afréttarsvæðið sé ekki háð beinum eignarrétti.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Gemlu* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Fremri Hjarðardals, Neðri Hjarðardals, Gemlufalls, Mýrar og Lækjaróss og Holt í Önundarfirði. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í tæplega 500m hæð í allt að tæplega 730m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Lambadalsfjalls í Ísafjarðarbæ* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þ.e. Dranga, Botns, Innri Lambadals, Ytri Lambadals, Næfraness, Neðri Hjarðardals, Fremra Hjarðardals, Tungu í Firði og Hests. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í rúmlega 500m hæð í allt að tæplega 1000m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Lambadalsfjalls í Súðavík* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Svarfhóls, Minni Hattardals, Meiri Hattardals, kröfusvæðinu Hestfjarðarkoti,

kröfusvæðinu almenningum Ögurhrepps og kröfusvæðinu Stóra Kambi. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 600-700m hæð og hærra, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Á kröfusvæðunum *Lambadalsfjall Ísafjarðarbæjar* og *Lambadalsfjall Súðavíkur* er einnig byggt á nýlegum rannsóknum á grundvelli samstarfsverkefnis Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jöklarannsóknafélags Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands þar sem íslenskir jöklar hafa verið rannsakaðir m.t.t. þeirra breytinga sem átt hafa sér stað. Niðurstöður rannsóknanna má sjá á islenskirjoklar.is.

Innan kröfusvæðanna mun hafa verið að finna fimm jökla, þ.e. við Lambadalsskarð og Hestskarð. Bendir framangreint til þess að þar hafi verið jöklar, landið lítt gróið þar sem það liggur hæst og hafi af þessum ástæðum lítt verið nýtt.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Hestfjarðarkots* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á kröfusvæðum skv. köflum um Lambastaðafjall í Súðavíkurhreppi og almenninga Ögurhrepps. Þá er einnig byggt á landamerkjabréfum Eyði, Kleifa og Meiri Hattardals. Þá er einnig vísað til þess að heimildir vísa til þess að kröfusvæðið hafi verið nýtt ýmist sem afréttur, sem og að einstaka jarðir hafi átt í hluta kröfusvæðisins ítök en ekki beinan eignarrétt. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu töluverðri hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað að öðru leyti.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Almenninga Ögurhrepps* er miðað við afmörkun á kröfusvæðum Íslenska ríkisins á eftirtöldum svæðum; Hestfjarðarkot, Lambastaðafjall í Súðavíkurhrepp og Stóra Kambi. Þá er einnig byggt á landamerkjabréfi Hvítaness og lýsingu skriflegra heimilda um almenning austan Hestfjarðarár. Þá er einnig vísað til þess að heimildir vísa til þess að kröfusvæðið hafi verið nýtt sem afréttur. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu nokkurri hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað að öðru leyti.

Við afmörkun á kröfulínu á kröfusvæði *Stóra Kambs* er miðað við að Stóri Kambur hafi, a.m.k. að hluta, verið nýtt sem sameiginlegur afréttur. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í yfir 500m hæð og upp í 900m, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun á kröfulínu á kröfusvæði *Kleifarkots* og *almenninga í Ísafirði* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á kröfusvæðum skv. köflum um Hestfjarðarkot, Lambastaðafjall í Súðavíkurhrepp og Stóra Kamb. Þá er einnig byggt á landamerkjabréfi Hvítaness og lýsingu skriflegra heimilda um almenning austan

Hestfjarðarar. Þá er einnig vísað til þess að heimildir vísa til þess að kröfusvæðið hafi verið nýtt sem afréttur. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu nokkurri hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað að öðru leyti.

V. Lagarök

Um lagarök er aðallega vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeygenda, almennra reglna samninga- og kröfurettar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

Vísað er til framlagðra skjala og hliðsjónargagna óbyggðarnefndar. Áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn ef tilefni gefur til.


VII. Áskoranir og sérstakur áskilnaður

Áskilinn er réttur til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd. Þá er áskilinn réttur til að leiða vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga, sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 30. júní 2022

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
vegna íslenska ríkisins,



Ívar Pálsson hrl.